


KJARATÖLFRAÆÐI

Vorskýrsla 2022



KJARATÖLFRÆÐI

Vorskýrsla 2022

Kjaratölfræðinefnd

Nefndarmenn:

Guðbjörg Andrea Jónsdóttir,
formaður

Bjarnheiður Gautadóttir,
f.h. félags-og vinnumarkaðsráðherra

Hannes G. Sigurðsson,
Samtök atvinnulífsins

Helgi Aðalsteinsson,
Samband íslenskra sveitarfélaga

Henný Hinz,
forsætisráðuneyti

Hrafnhildur Arnkelsdóttir,
Hagstofa Íslands

Oddur S. Jakobsson,
Kennarasamband Íslands

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir,
BSRB

Stefanía Sigríður Bjarnadóttir,
fjármála- og efnahagsráðuneyti

Vilhjálmur Hilmarsson,
Bandalag háskólamanna

Þórir Gunnarsson,
Alþýðusamband Íslands

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1 Efnahagsmál	
1.1 Þróun landsframleiðslunnar á samningstímabilinu	6
1.1.1 Efnahagsbati í kjölfar heimsfaraldurs	7
1.2 Staða á vinnumarkaði	10
1.3 Fjárhagsstaða heimila og kaupmáttarþróun	12
1.3.1 Þróun kaupmáttar á tveimur kjarasamningstímabilum	13
1.3.2 Verðbólga og verðbólguvæntingar	14
1.3.3 Meðaltekjur eftir skatt – alþjóðlegur samanburður	16
1.4 Staða og afkoma hins opinbera	17
1.5 Staða atvinnugreina og samkeppnishæfni	18
1.5.1 Launahlutfall og framleiðni	19
1.5.2 Launakostnaður á unna stund árið 2021 – alþjóðlegur samanburður	21
2 Kjarasamningar	
Kjarasamningar í lotunni til maíloka 2022	24
3 Laun og launaþróun	
3.1.1 Launavísitala Hagstofunnar	27
3.1.2 Vísitala grunntímakaups	28
3.1.3 Vægi markaða og heildarsamtaka	29
3.1.4 Kaupmáttur launa	30
3.2 Hækkun grunntímakaups og áhrif vinnutímabreytinga	31
3.3 Laun eftir mörkuðum og heildarsamtökum	34
3.4 Samsetning launa	38
4 Laun eftir heildarsamtökum	40
5 Laun karla og kvenna	
5.1 Þróun grunntímakaups og áhrif vinnutímabreytinga hjá körlum og konum frá mars 2019 til janúar 2022	45
5.2 Regluleg laun karla og kvenna 2021	48
5.3 Heildarlaun karla og kvenna 2021	48
Viðauki 1: Gögn um laun og launaþróun	61
Viðauki 2: Skilgreining helstu launa- og tekjuhugtaka	63
Viðauki 3: Breytingar á launum 2006-2021	65

Inngangur

Kjaratölfræðinefnd er samstarfsnefnd ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka á vinnumarkaði um tölfræði vegna kjarasamningsgerðar. Nefndin hóf störf í desember 2019 og eru fulltrúar í henni frá forsætisráðuneyti, félags- og vinnumálamálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, BSRB, Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Hagstofu Íslands. Með nefndinni var stofnað til samstarfs heildarsamtaka á vinnumarkaði, ríkis og sveitarfélaga um gerð og hagnýtingu talnaefnis um laun og efnahag til undirbúnings og eftirfylgni með kjarasamningum. Nefndinni er ætlað að stuðla að því að aðilar samkomulagsins hafi sameiginlegan skilning á eðli, eiginleikum og þróun þeirra hagtalna sem mestu varða við gerð kjarasamninga.

Markmið nefndarinnar er að fyrir liggi áreiðanlegar upplýsingar og sameiginlegur skilningur aðila um laun og efnahag sem nýtast við undirbúning og eftirfylgni kjarasamninga á hverjum tíma. Ríkissáttasemjari hýsir nefndina og skal leggja til fundar- og starfsaðstöðu. Nefndin fjallar um gögn sem liggja til grundvallar kjarasamningagerð á hverjum tíma og eru grundvöllur fyrir launamyndun á vinnumarkaði. Nefndin tekur engan beinan þátt í kjarasamningum og breytir ekki hlutverkum eða stöðu þeirra aðila sem að nefndinni standa.

Kjaratölfræðinefnd gefur út tvær skýrslur á ári, að vori og hausti, og er þetta fjórða skýrsla nefndarinnar. Skýrslan skiptist í fjóra meginkafla sem fjalla um kjarasamninga gerða í yfirstandandi kjaralotu, efnahagsmál og launaþróun sem flokkuð er eftir heildarsamtökum launafólks og atvinnurekendum og samanburð á launum karla og kvenna. Í umfjölluninni er áherslan á þá kjaralotu sem senn er að ljúka, þ.e. tímabilið frá upphafi samningstímabilsins apríl 2019 til janúar 2022.

Í lok maí 2022 höfðu 326 kjarasamningar verið endurnýjaðir af 126 stéttarfélögum í yfirstandandi kjaralotu og voru 172 þúsund félagsmenn á kjörskrá í atkvæðagreiðslum.


Kjaratölfræðinefnd vinnur náið með Hagstofu Íslands og er starfsfólki hennar þakkað mjög gott samstarf við undirbúning skýrslunnar og ber helst að nefna Margréti Kristínu Indriðadóttur, deildarstjóra hjá Hagstofu Íslands og Önnu Sigríði Halldórsdóttur fagstjóra. Nefndin þakkar Karítas Marý Bjarnadóttur og Hönnu Lind Garðarsdóttur fyrir ritun fundargerða og Ara Skúlasyni og nefndarmönnunum Vilhjálm Hilmarssyni og Þóri Gunnarssyni fyrir vinnu við ritun skýrslu. Loks er Magnúsi Vali Pálssyni þakkað fyrir vinnu við umbrot skýrslunnar.

1. Efnahagsmál

1.1 Þróun landsframleiðslu á samningstímabilinu

Í aðdraganda núverandi kjarasamningalotu, í febrúar árið 2019, spáði Hagstofa Íslands samtals um 10,2% hagvexti á árunum 2019-2022, að hagvexti ársins 2019 meðtöldum. Hagvöxtur á hvern íbúa landsins var þá áætlaður 2,3% á grundvelli mannfjöldaspár Hagstofu Íslands. Veruleg óvissa hefur verið um þróun helstu efnahagsstærða síðan, en nýjasta hagspá Hagstofunnar frá því í mars 2022 gerir ráð fyrir að hagvöxtur tímabilsins verði alls um 3,8%, þar af 4,6% á árinu 2022. Hagvöxtur kjarasamningstímabilsins 2019-2022 verður því borinn uppi af útkomu ársins 2022 en um 1% samdráttur mældist á árunum 2019-2021.


Mynd 1.1. *Hagvaxtarspár fyrir tímabilið 2019-2022 skv. þjóðhagsspá Hagstofunnar*



Heimild. Hagstofa Íslands.

Gangi spá fyrir árið 2022 eftir mun hagkerfið dragast saman um 3,9% á hvern íbúa á yfirstandandi kjarasamningstímabili, en það jafngildir um 6% minni vexti á hvern íbúa en spáð var í upphafi tímabilsins. Þessu var öfugt farið á samningstímabilinu 2015-2018 þegar hagvöxtur á hvern íbúa reyndist 4% meiri en spáð var, eða 13% samanborið við 9% spá í byrjun tímabilsins.

Mynd 1.2. **Samanburður tveggja kjarasamningstímabila, uppsafnaður hagvöxtur á mann**




Heimild. Hagstofa Íslands.

1.1.1 Efnahagsbati í kjölfar heimsfaraldurs

Gangi spá Hagstofunnar fyrir árið 2022 eftir mun Ísland ná framleiðslustigi ársins 2019 um ári seinna en helstu viðskiptalöndin, en hagvöxtur á árinu 2021 var rúmlega 4% eftir 7% samdrátt á árinu 2020. Á sama tíma var hagvöxtur í helstu viðskiptalöndum tæplega 6% í fyrra eftir 5% samdrátt á árinu 2020. Hagvöxtur ársins 2021 var að miklu leyti borinn uppi af kröftugri aukningu einkaneyslu en vöxtur hennar var mun meiri á Íslandi en í helstu viðskiptalöndum, eða tæplega 8%. Mikinn vöxt einkaneyslu á Íslandi má einkum rekja til opunar samfélagsins, áhrifa lágs vaxtastigs, vaxandi kaupmáttar í krafti launahækkana og aukinnar bjartsýni í kjölfar heimsfaraldurs. Sparnaðarhlutfall heimila hélst einnig hátt gegnum faraldurinn m.a. vegna takmarkaðra neyslumöguleika. Þá jókst atvinnuvegafjárfesting um 23% eftir þriggja ára samdráttartímabil. Framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar var ýmist lítið eða neikvætt á tímabilinu og viðskiptajöfnuður var neikvæður í fyrsta sinn síðan 2008.


Mynd 1.3. **Vísitala vergrar landsframleiðslu (t.v.) og vöxtur vergrar landsframleiðslu og einkaneyslu árið 2021, alþjóðlegur samanburður (t.h)**



Heimild. Seðlabanki Íslands.

Samkvæmt könnun Gallup í ársbyrjun 2022 á væntingum stjórnenda 400 stærstu fyrirtækja landsins metur helmingur þeirra efnahagshorfur góðar, samanborið við 70% í aðdraganda kjarasamninga vorið 2019. Aðeins 12% töldu efnahagshorfur slæmar sem er mikill viðsnúningur frá því fyrir ári þegar helmingur stjórnenda taldi horfur slæmar.

Mynd 1.4. **Væntingar fyrirtækja um efnahagshorfur á fyrsta ársfjórðungi 2015-2022**




Heimild. Seðlabanki Íslands og Samtök atvinnulífsins.

Hafa ber í huga að könnunin var framkvæmd á tímabilinu 11. febrúar til 8. mars en á miðju könnunartímabilinu gjörbreyttust aðstæður í heimsbúskapnum þegar Rússland gerði innrás í Úkraínu. Í nýjustu þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá því í mars var því spáð að hagvöxtur hér á landi yrði 0,7% minni í ár en áður var talið vegna áhrifa stríðsins en áhrifin á hagvöxt á evrusvæðinu eru talin verða

mun meiri eða um 1,4% til lækkunar. Áhrif innrásarinnar auka óvissu í heimsbúskapnum verulega og spár um hagvöxt á árinu 2022 eru taldar taka miklum breytingum eftir því sem líður á árið.


Mynd 1.5. **Hagvaxtarspár fyrir 2022 á Íslandi (t.v.) og áhrif stríðsins á hagvöxt árið 2022 skv. spám (t.h.)**



Heimild. Hagstofa Íslands og OECD.

Neikvæð áhrif innanlands til skamms tíma eru einkum talin koma fram í hækkun á innflutningsverði hrávöru, minna framboði og samdrætti neyslu og fjárfestinga. Bein áhrif innrásarinnar á utanríkisviðskipti Íslands eru talin verða takmörkuð fyrst um sinn, en viðskipti Íslands við þau þrjú ríki sem tengjast átökunum; Rússland, Úkraínu og Hvíta Rússland, vógu aðeins um 1,5% á árinu 2020.

Mynd 1.6. **Viðskiptakjör Íslands, vísitala 2010=100**



Heimild. Seðlabanki Íslands.


Stríðið virðist þó verða íslenska hagkerfinu hagfelld til skamms tíma þar sem viðskiptakjör hafa batnað um 10% milli ára, m.a. vegna stórfelldra hækkana á verði á sjávarafurðum, áli og kísiljárni. Verð helstu útflutningsafurða er það hæsta um langt árabil. Til lengri tíma skiptir mestu hver áhrif verðhækkana og framboðshnökra verða á eftir-

spurn og hagþróun í viðskiptalöndunum. Verðbólga er þar sú mesta í tæpa þrjá áratugi og innflutningur á jarðgasi frá Rússlandi nemur samtals um 40% af innflutningi ESB-ríkjanna. Óvissa um efnahagshorfur hér á landi er mikil og útkoman ræðst af framvindu mála á alþjóðavísu. Á móti vegur að erlend staða þjóðarbúsins er sterk og íslensk heimili eru almennt vel búin undir áföll vegna sterkrar eignastöðu. Lausafjárstaða innlendra banka er jafnframt sterk og gjaldeyrisforði Seðlabankans rúmur.

1.2 Staða á vinnumarkaði

Áhrif heimsfaraldursins á innlendar atvinnugreinar reyndust mjög mismunandi. Á milli áranna 2019 og 2021 fækkaði vinnustundum í hagkerfinu um 6%. Vinnumagn minnkaði mest í ferðaþjónustu, eða um 30%, en umsvif í atvinnugreinum hins opinbera jukust á sama tímabili; um 2% í fræðslustarfsemi og 6% í bæði opinberri stjórn-sýslu og heilbrigðis- og félagsþjónustu.


Mynd 1.7. **Breyting á vinnumagnni eftir atvinnugreinum 2019-2021**



Heimild. Hagstofa Íslands.

Skráð atvinnuleysi, samkvæmt Vinnumálastofnun, náði hámarki í janúar 2021 þegar 11,6% af mannaflanum var án atvinnu, sem er talsvert meira en í kjölfar bankahrunsins þegar atvinnuleysi fór hæst í rúmlega 9%. Atvinnuleysi minnkaði hratt frá miðju ári 2021, og var komið í 4,5% í apríl 2022. Það er þó hátt atvinnuleysi í sögulegu samhengi.

Mynd 1.8. **Atvinnuleysi (t.v.) og fjöldi starfandi og vinnustundir, árstíðaleiðrétt (t.h.)**




Heimild. Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, Seðlabanki Íslands.

Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar er úrtaksrannsókn þar sem gagna er aflað með viðtölum við einstaklinga. Stuðst er við alþjóðlegar skilgreiningar í samræmi við EES-löggjöf svo niðurstöður gagnist í alþjóðlegum samanburði. Skráð atvinnuleysi byggir á greiddum atvinnuleysisdögum Vinnumálastofnunar.

Þrátt fyrir heimsfaraldurinn jókst heildarfjöldi starfandi fólks nokkuð á kjarasamningstímabilinu, eða um 3% milli aprílmánaða 2019 og 2022. Á sama tíma stýttist meðalvinnutími um 10%. Könnun Seðlabanka Íslands og Samtaka atvinnulífsins meðal fyrirtækja sýnir að æ fleiri fyrirtæki telja starfsemi sína nærri eða umfram hámarksframleiðslugetu og að skortur á starfsfólki fari vaxandi. Hlutföllin eru hærri en þau voru á árunum 2016-2017 og bendir því flest til þess að manna þurfi stóran hluta starfa, m.a. í ferðaþjónustu, með fjölgun á erlendu starfsfólki.

Mynd 1.9. **Nýting framleiðsluþátta - könnun Gallup meðal 400 stærstu fyrirtækjanna**




Heimild. Seðlabanki Íslands.

1.3 Fjárhagsstaða heimila og kaupmáttarþróun

Áhrif heimsfaraldurs kórónuveiru á stöðu heimilanna reyndust heldur minni en gert var ráð fyrir í upphafi faraldursins, en hlutfallslegur fjöldi heimila sem á erfitt með að ná endum saman hefur minnkað stöðugt á síðustu árum. Mynd 1.10 sýnir m.a. að rúmlega helmingur einstæðra foreldra átti erfitt með að ná endum saman árið 2021 og tæpur þriðjungur einhleypra kvenna og karla. Þessi hlutföll lækkuðu talsvert frá árinu 2015 og það sama á við um heimili þar sem búa fleiri en einn fullorðinn.

Mynd 1.10. **Hlutfall heimila sem átti erfitt með að ná endum saman, 2015-2021**




Heimild. Hagstofa Íslands.

Vanskil heimila í bankakerfinu voru í lok árs 2021 lág í sögulegu og alþjóðlegu tilliti. Þau voru þá um einu prósentustigi lægri en í upphafi faraldursins, eða 0,9% samanborið við 2,5% að meðaltali í löndum Evrópu.

Traust staða heimila býr þau almennt undir að geta staðist niðursveiflu, en hrein fjáreign þeirra hefur aukist verulega frá 2015 og hlutfall sparnaðar af ráðstöfunartekjum hefur verið hátt undanfarið. Sparnaður heimila jókst mikið á tíma faraldursins, einkum vegna skertra möguleika til afþreyingar, en neyslumynstur færir nú óðum til fyrra horfs, m.a. með auknum ferðalögum til útlanda.

Mynd 1.11. **Hrein fjáreign heimila, hlutfall af vergri landsframleiðslu, (t.v.) og hlutfall sparnaðar af ráðstöfunartekjum (t.h.)**




Heimild. Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands.

Viðbúið er að vaxtahækkanir rýri kaupmátt ráðstöfunartekna heimila á næstu misserum og auki áhættu þeirra, en í upphafi þessa árs var rúmlega helmingur fasteignalána með fasta óverðtryggða vexti og um 30% með breytilega óverðtryggða vexti.

1.3.1 Þróun kaupmáttar á tveimur kjarasamningstímabilum

Kaupmáttur launa jókst að jafnaði um 11% á milli janúarmánaða 2019 og 2022. Aukningin er þó helmingi minni en á síðasta samningstímabili, árin 2015-2018, þegar kaupmáttur jókst um 20%. Kaupmáttur launa jókst á mælikvarða allra helstu undirliða vísitölu neysluverðs á tímabilinu 2019-2022, en mest gagnvart þjónustu eða 14%. Kaupmáttur launa jókst álíka mikið gagnvart innlendum og erlendum vörum á tímabilinu, en aukningin á samningstímabilinu 2015-2018 var að miklu leyti knúin áfram af verðlækkun í innflutningsverði og gengisstyrkingu. Kaupmáttur gagnvart innfluttum vörum jókst þannig um nær 40% á samningstímabilinu 2015-2018, samborið við 12% aukningu á yfirstandandi tímabili 2019-2022.


Mynd 1.12 **Aukning kaupmáttar launa milli janúarmánaða 2015 og 2018 og sömu mánaða 2019 og 2022 gagnvart undirliðum vísitölu neysluverðs**



Heimild. Hagstofa Íslands.

Unnt er að reikna hlutfallslegt framlag fyrrgreindra undirliða til kaupmáttaraukningar á tímabilinu út frá vægi þeirra í vísitölu neysluverðs. Það leiðir í ljós að um 60% kaupmáttaraukningarinnar á kjarasamningstímabilinu 2015-2018 má skýra með verðlækkun á innflutningsverði og gengisstyrkingu. Tilsvarandi hlutfall á núverandi kjarasamningstímabili er um 35%.

Mynd 1.13 **Hlutfallslegt framlag undirliða til kaupmáttaraukningar, tvö samningstímabil**




Heimild. Hagstofa Íslands.

Notast er við vægi undirliðanna í verðvísitölunni og þróun kaupmáttar til að reikna framlag til kaupmáttaraukningar. Taka ber tölunum á myndinni með þeim fyrirvara að fylgni er milli verðbreytinga innfluttra og innlendra vara.

1.3.2 Verðbólga og verðbólguvæntingar

Á kjarasamningstímabilinu 2015-2018 bjó Ísland við mun meiri verðstöðugleika en þau lönd sem við berum okkur helst saman við. Sé litið til verðbólguþróunar skv. samræmdri vísitölu neysluverðs (án húsnæðisliðar), sést að verðlag lækkaði um 1% milli aprílmánaða 2015 og 2018 á Íslandi samanborið við um 3% verðhækkun að meðaltali í aðildarríkjum ESB. Þetta gildir einnig á yfirstandandi tímabili þar sem verðhækkun milli aprílmánaða 2019-2022 var 9% á Íslandi en 11% að jafnaði í ESB ríkjum.


Mynd 1.14 **Hækkun verðlags milli aprílmánaða 2015 og 2018 og sömu mánaða 2019 og 2022 skv. samræmdri vísitölu neysluverðs**



Heimild. Hagstofa Íslands.

Verðbólga hefur aukist mikið undanfarið hér á landi en í maí 2022 hafði vísitala neysluverðs hækkað um 7,6% á einu ári og um 5,5% að húsnæðislið undanskildum. Verðhækkanir eru nú nokkuð almennar og mælast í flestum liðum vísitölunnar sem lýsir aukningu undirliggjandi verðbólgu, en þó má rekja rúmlega þriðjung ársþækkunarinnar til kostnaðar vegna eigin húsnæðis. Líklega mun innflutt verðbólga aukast á næstu misserum vegna vaxandi verðbólgu í viðskiptalöndunum. Í takti við þessa þróun hafa verðbólguvæntingar aukist bæði til skemmri og lengri tíma, en mikil óvissa er um verðbólguhorfur. Kjölfesta verðbólguvæntinga virðist brostin til skamms tíma, en samkvæmt núverandi væntingum aðila á fjármagnsmarkaði mun verðbólga verða 1% yfir 2,5% verðbólguþröngmiði Seðlabankans eftir 2 ár.

Mynd 1.15 **Verðbólga á ársgrundvelli 2015-22 (efri) og verðbólguvæntingar markaðsaðila (neðri)**




Heimild. Hagstofa Íslands og Seðlabankinn.

1.3.3 Meðaltekjur eftir skatt – alþjóðlegur samanburður

Samkvæmt samanburði Hagstofu ESB og OECD á tekjum milli landa árið 2021 voru meðalatvinnutekjur í evrum á Íslandi eftir skatt 94% hærri en Evrópumeðaltalið. Ísland er í öðru sæti á eftir Sviss og hæst Norðurlandanna. Ef leiðrétt er fyrir mismunandi verðlagi landa breytist myndin, en kaupmáttur meðalatvinnutekna eftir skatt í Lúxemborg, Hollandi, Bandaríkjunum og Sviss mældist hærri en Íslandi á árinu 2021. Ísland er þó enn hæst í Norðurlandasamanburðinum, sé leiðrétt fyrir verðlagi, og var kaupmáttur meðalatvinnutekna eftir skatt 35% hærri en Evrópumeðaltalið, skv. nýrri úttekt OECD.

Mynd 1.16 **Meðalatvinnutekjur í evrum eftir skatt árið 2021, alþjóðlegur samanburður**




Heimild. Hagstofa ESB og OECD.

Miðað er við einstakling sem aflar sér meðaltekna í samræmi við tekjustig viðskiptahagkerfisins í hverju landi. Matið byggir á viðurkenndu líkani OECD sem byggir á hagstofugögnum í hverju landi og er notað til að meta meðalskattbyrði einstaklinga og fjölskyldna.

1.4 Staða og afkoma hins opinbera

Afkoma ríkissjóðs versnaði verulega á árunum 2020-2021 og fór neikvæð staða úr 1% af vergri landsframleiðslu árið 2019 í 8% árin 2020 og 2021. Er það nokkur viðsnúningur frá árunum 2015-2018 þegar tekjuafgangur af rekstri ríkissjóðs var 0,2-12,3% af vergri landsframleiðslu.¹ Stöðugur halli var á rekstri sveitarfélaga á sama tímabili en hann var mestur á árinu 2017 eða um 1,3% af vergri landsframleiðslu. Halli á rekstri sveitarfélaga jókst þó ekki verulega á tímum heimsfaraldursins.

Mynd 1.17. Tekjuhalli ríkis- og sveitarfélaga 2015-2021




Heimild. Hagstofa Íslands.

Halli á rekstri sveitarfélaga var alls um 160 milljarðar króna á árunum 2015-2021 á verðlagi ársins 2021, en hallinn var svipaður á tímabilunum 2015-2018 og 2019-2021. Mikill afgangur varð hins vegar á afkomu ríkissjóðs á tímabilinu 2015-2018 eða tæplega 500 milljarðar króna á verðlagi ársins 2021. Stór hluti afgangansins var þó tilkominn vegna eins skiptis liða tengdum uppgjöri slitabúa úr fjármálahruginu en afgangurinn snerist svo í um 550 milljarða króna samanlagðan halla á árunum 2019-2021.

¹ Tekjur af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtaldar sem skekkir myndina fyrir ríkissjóð og samkvæmni samanburðar við sveitarfélögin.

Mynd 1.18 **Uppsafnaður tekjuafgangur á föstu verðlagi 2021, milljarðar króna (t.v.) og skuldahlutfall (t.h.)**




Heimild. Hagstofa Íslands.

Skuldir hins opinbera nema nú um 110% af vergri landsframleiðslu sem er um 15 prósentustiga aukning frá árinu 2018. Samkvæmt fjármálaáætlun er reiknað með að skuldasöfnun hins opinbera stöðvist á árinu 2026 og að koma eigi undirliggjandi halla í jafnvægi á næstu árum með mjög lágum útgjaldavexti í sögulegu tilliti.

1.5 Staða atvinnugreina og samkeppnishæfni

Heimsfaraldur kórónuveirunnar kom misþungt niður á atvinnugreinum hér á landi samkvæmt framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga. Þannig mátti t.d. sjá verulegan samdrátt í einkennandi greinum ferðapjónustu á árunum 2019-2021, eða sem jafngildir 50% frá árinu 2018. Samdráttur var einnig í verslun en vöxtur í iðnaði og þjónustu, sjá mynd 1.19.

Mynd 1.19 **Uppsafnaður hagvöxtur 2019-2021 í atvinnugreinahópum á almennum markaði (t.v.) og vægi þeirra í verðmætasköpun á almennum markaði fyrir kjarasamningslotuna (t.h.)**




Heimild. Hagstofa Íslands.

Almennur markaður er hér skilgreindur sem allt hagkerfið án opinberrar stjórnsýslu, heilbrigðis- og félagsþjónustu og fræðslustarfsemi. Notast er við skilgreiningu Eurostat á atvinnugreinahópum en þjónustugreinum skipt í „ferðapjónustu“ og „þjónustugreinar án ferðapjónustu“.

1.5.1 Launahlutfall og framleiðni

Hlutfall launa af vergum þáttatekjum í hagkerfinu öllu, oft nefnt launahlutfallið, hækkaði á samningstímabilinu 2015-2018, úr 58% í tæp 64% m.a. vegna launahækkana og mikillar gengisstyrkingar. Hlutfallið fór síðan lækkandi á tímabilinu 2019-2021 en það var 61% samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands fyrir árið 2021. Á almenna vinnumarkaðnum hækkaði hlutfallið úr 53% í 59% á samningstímabilinu 2015-2018, en lækkaði síðan í 55% árið 2021.


Mynd 1.20 **Hlutdeild launa- og tengdra gjalda í vergum þáttatekjum (launahlutfallið)**



Heimild. Hagstofa Íslands.

Launahlutfallið í helstu atvinnugreinum á almennum markaði var lægra árið 2021 en í upphafi samningalotunnar að ferðapjónustunni undanskilinni en launahlutfallið í einkennandi greinum ferðapjónustu mældist 116% sem bendir til þess að verulega hafi verið gengið á eiginfjárlutfall greinarinnar á tímum heimsfaraldursins.


Mynd 1.21 **Launahlutfallið – atvinnugreinahópar**



Heimild. Hagstofa Íslands. Notast er við skilgreiningu Eurostat á atvinnugreinahópum en þjónustugreinum skipt í „ferðapjónustu“ og „án ferðapjónustu“.

Á tímabilinu 2015-2020 hækkaði launavísitalan um 7% að meðaltali á ári en á sama tíma jókst framleiðni í hagkerfinu um 1,7% að meðaltali. Samanburður nafnlaunahækkana á ári og samtölu framleiðnivaxtar og verðbólguþrýsting gefur vísbendingu um þann undirliggjandi verðbólguþrýsting sem launahækkarnir geta valdið. Mismunur þessa tveggja stærða nam um 3% á tímabilinu 2015-2020. Verðlag var hins vegar mjög stöðugt á sama tíma, sem m.a. skýrist af hagfelldri þróun viðskiptakjara og gengisstyrkingu á tímabilinu 2015-2017. Að sama skapi var hlutdeild launa í verðmætasköpuninni, launahlutfallið, í sögulegu lágmarki í kjölfar fjármálahrunsins 2008 og svigrúm hafði myndast fyrir launahækkarnir umfram framleiðniaukningu, til skemmri tíma. Laun og tengd gjöld á vinnustund á föstu verðlagi hækkuðu um 19% að raunvirði á tímabilinu 2015-2021 á almenna markaðnum en framleiðni jókst um 15% á sama tímabili.

Mynd 1.22 **Meðalhækkun nafnlauna 2015-20 samanborið við framleiðniaukningu og verðbólguþrýsting á sama tímabili (t.v.) og þróun framleiðni og launa og tengdra gjalda á vinnustund 2015-2021 á almenna markaðnum (t.h.)**




Heimild. Hagstofa Íslands.

1.5.2 Launakostnaður á unna stund árið 2021

– alþjóðlegur samanburður


Launakostnaður á unna stund hér á landi var að meðaltali 6.600 kr. árið 2021. Lægstur var launakostnaðurinn í rekstri gististaða og veitingarekstri, 4.800 kr., en hæstur í fjármála- og váttryggingastarfsemi þar sem hann var 9.100 kr. á unna stund. Launakostnaður á unna stund í opinberri stjórnsýslu var um 10% yfir landsmeðaltalinu árið 2021 en 5-10% undir því í heilbrigðis- og félagsþjónustu og fræðslustarfsemi. Hafa ber í huga að launadreifing er mismikil innan atvinnugreina og því sýna meðaltöl ekki endilega dæmigerða mynd af launastigi innan atvinnugreina.

Mynd 1.23 *Launakostnaður eftir atvinnugreinum á unna stund árið 2021 – þús. kr.*




Heimild. Hagstofa Íslands.

Samanburður milli Evrópuríkja sýnir að launakostnaður á hverja unna stund var 43 evrur að meðaltali árið 2021 á Íslandi sem er 30% hærra en Evrópumeðaltalið. Aðeins í Noregi og Danmörku var launakostnaður á unna stund hærri en hér á landi, eða sem nemur 10-20%, en Norðurlöndin skera sig verulega úr í þessum samanburði.

Mynd 1.24 **Meðaltal launakostnaðar á unna stund árið 2021 – evrur**

Heimild. Hagstofa Íslands og Eurostat.


Á tímabilinu 2019-2021 hækkaði launakostnaður á unna stund um 15% í íslenskum krónum sem er meiri hækkun en meðal þeirra landa sem við berum okkur helst saman við. Gengi krónunnar veiktist þó á sama tíma þannig að hækkunin í evrum mældist aðeins um 5% sem er sambærilegt við þau lönd sem við berum okkur saman við.

Mynd 1.25 **Hækkun launakostnaðar á unna stund í eigin gjaldmiðli og evrum, 2019-2021**

Heimild. Eurostat.

Raungengi á mælikvarða launa, sem metur þróun hlutfallslegs launakostnaðar á framleidda einingu miðað við önnur lönd í sameiginlegum gjaldmiðli, hefur sveiflast nokkuð á tímabilinu 2015-2022. Náði það hámarki á öðrum ársfjórðungi ársins 2017 en hefur farið lækkandi síðan. Lækkaði það um nær fjórðung frá fyrsta ársfjórðungi ársins 2019 fram undir lok árs 2020. Frá þeim tíma hefur raungengið nær endurheimt fyrri styrk og er nú nokkuð yfir langtíma-meðaltalinu.

Mynd 1.26. **Raungengi á mælikvarða launa, vísitala** (2010=100)



Heimild. Seðlabankinn.

2. Kjarasamningar í lotunni til maíloka 2022

Í skýrslu Kjaratölfræðinefndar frá september 2020 var í fyrsta sinn birt heildstætt yfirlit yfir undirritaða kjarasamninga í samningalotu og niðurstöður atkvæðagreiðslna stéttarfélaga um þá, þ.m.t. fjölda á kjörskrá. Fram til þess hafði ekki verið haldið utan um þessar upplýsingar með skipulögðum hætti. Nú er komin heildarmynd á fjölda stéttarfélaga, félagsmanna og kjarasamninga í einni kjaralotu, en hún stóð yfir frá apríl 2019 til loka maí 2022. Gildistími kjarasamninga KÍ á þessu tímabili var styttri en hjá öðrum stéttarfélögum og gerðu flest aðildarfélög KÍ tvo samninga við sína aðal viðsemjendur á tímabilinu. Sama gildir um nokkra aðra kjarasamninga. Í meðfylgjandi töflum eru slík tilvik talin einu sinni.

Alls voru gerðir 326 kjarasamningar í samningalotunni. Ekki kemur á óvart að fyrir flesta er samið innan vébanda stærstu samtakanna á vinnumarkaðnum, ASÍ og SA. Samningar ASÍ og SA náðu til um 94 þúsunda, eða 55% þeirra sem kusu um kjarasamninga á tímabilinu. Alls náðu samningar í lotunni til rúmlega 171 þúsund launamanna og voru 63% þeirra á samningssviði SA og ASÍ.

Tafla 2.1 **Fjöldi kjarasamninga eftir launagreiðendum**

Atvinnurekendur	Fjöldi samninga	Hlutfallsleg skipting
Samtök atvinnulífsins	136	42%
Ríki	59	18%
Sveitarfélög	78	24%
Aðrir aðilar	53	16%
Samtals	326	100%

Tafla 2.2 **Fjöldi launafólks eftir launagreiðendum**

Atvinnurekendur	Fjöldi launafólks á kjörskrá	Hlutfallsleg skipting
Samtök atvinnulífsins	110.400	64%
Ríki	23.000	13%
Sveitarfélög	30.700	18%
Aðrir aðilar	7.400	4%
Samtals	171.500	100%

Tafla 2.3 **Fjöldi kjarasamninga eftir heildarsamtökum**

Heildarsamtök launafólks	Fjöldi samninga	Hlutfallsleg skipting
ASÍ	149	46%
BSRB	53	16%
BHM	62	19%
KÍ	13	4%
Utan heildarsamtaka	49	15,0%
Samtals	326	100%

Tafla 2.4 **Fjöldi launafólks eftir heildarsamtökum**

Atvinnurekendur	Fjöldi launafólks á kjörskrá	Hlutfallsleg skipting
ASÍ	108.500	63%
BSRB	23.500	14%
BHM	10.000	6%
KÍ	10.700	6%
Utan heildarsamtaka	18.700	11%
Samtals	171.500	100%

Tafla 2.5 **Fjöldi kjarasamninga eftir launagreiðendum og heildarsamtökum**

	ASÍ	BSRB	BHM	KÍ	Utan heildar- samtaka	Samtals
Samtök atvinnulífsins	89	12	10	1	24	136
Sveitarfélög	27	15	23	5	8	78
Ríki	7	14	21	1	16	59
Aðrir aðilar	26	12	8	6	1	53
Samtals	149	53	62	13	49	326

Tafla 2.6 Fjöldi á kjörskrá samninga eftir launagreiðendum og heildarsamtökum

	ASÍ	BSRB	BHM	KÍ	Utan heildar- samtaka	Samtals
Samtök atvinnulífsins	94.092	2.109	331	247	13.637	110.416
Sveitarfélög	6.871	11.809	2.956	8.623	407	30.666
Ríki	1.642	8.692	6.520	1.498	4.668	23.020
Aðrir aðilar	5.879	916	221	328	14	7.358
Samtals	108.484	23.526	10.028	10.696	18.726	171.460

Að kjarasamningsgerð þessarar lotu komu 126 stéttarfélög, þar af 101 innan þeirra heildarsamtaka sem þessi skýrsla fjallar fyrst og fremst um. Á kjörskrá atkvæðagreiðslna um þessa samninga voru alls rúmlega 171 þúsund félagsmenn stéttarfélaga, þar af tæplega 153 þúsund innan heildarsamtaka og tæplega 19 þúsund utan þeirra. Innan heildarsamtakanna voru gerðir 277 samningar, eða 2,7 að meðaltali á hvert félag. Stéttarfélög utan heildarsamtaka gerðu 49 samninga, 2,5 að meðaltali á hvert félag.

3. Laun og launaþróun


3.1.1 Launavísitala Hagstofunnar

Launavísitala Hagstofu Íslands byggir á úrtaki launaupplýsinga frá launagreiðendum með fleiri en níu starfsmenn og endurspeglar almenna launaþróun. Upplýsingum er safnað frá öllum geirum atvinnulífsins, fyrirtækjum, ríki og sveitarfélögum, svo heildarmynd fái af launaþróun. Vísitalan mælir meðaltal breytinga á reglulegu tímakaupi (launahugtök eru skilgreind í viðauka). Vísitalan er sundurliðuð í almennan og opinberan vinnumarkað. Almennur markaður er sundurliðaður eftir starfsstéttum og atvinnugreinum en opinberi geirinn eftir stjórnsýslustigum, þ.e. ríki og sveitarfélögum.

Laun á vinnumarkaði hafa þróast með mjög mismunandi hætti undanfarin ár, eins og glögglega sést í sundurliðun launavísitölunnar. Má það meðal annars rekja til ólíkra tímasetninga kjarasamninga og launahækkana, sérstakra hækkana launataxta og breytileika hækkana milli kjarasamninga, ásamt mismunandi útfærslum á styttingu vinnutíma. Kjarasamningar fjölmennustu hópanna á opinbera vinnumarkaðnum voru gerðir töluvert síðar en á þeim almenna. Þannig hækkaði launavísitala á almennum vinnumarkaði um 5,6% á fyrsta ári samningalotunnar (mars 2019 til mars 2020) en um 3,3% á þeim opinbera. Vegna kjarasamningsbundinna launahækkana á almenna vinnumarkaðnum og nýrra kjarasamninga á þeim opinbera hækkuðu laun umtalsvert í apríl 2020, þó mun meira á þeim opinbera vegna afturvirkni samninga sem fólu í sér launahækkunir vegna 2019 og 2020 samtímis. Verulega dró því úr mun á launaþróun eftir mörkuðum. Þessi munur jafnaðist síðan út og eftir launahækkunir í janúar 2021 tók launavísitalan á opinbera markaðnum fram úr og hækkaði um 18,7% á samningstímanum frá mars 2019 samanborið við 14,0% á þeim almenna sem skýrist að hluta vegna styttingar vinnuvikunnar á opinberum markaði. Í febrúar 2022 hafði launavísitala á almennum markaði hækkað um samtals 22,5% frá mars 2019, en um 31,5% hjá sveitarfélögum og 25,2% hjá ríkinu, en febrúargildi launavísitölu eftir mörkuðum voru þau nýjustu við ritun skýrslunnar.

Kjarasamningsbundin stytting vinnuvikunnar hefur áhrif á launavísitölu Hagstofunnar. Áhrifin eru mismikil og má meðal annars rekja til þess að stytting vinnutíma í dagvinnu á opinbera markaðnum var víðast hvar 13 mínútur á dag en 9 mínútur á þeim almenna, t.d. hjá verslunar- og skrifstofufólki. Þá var sérstök stytting í vaktavinnu hjá hinu opinbera, en fjallað var um hana í haustskýrslu Kjaratölfræðinefndar 2021. Á samningstímabilinu var samið um styttingu vinnuviku í flestum kjarasamningum, en útfærslur voru mismunandi. Í kafla 3.2 er farið nánar yfir áhrif vinnutíma á mælingar um launahækkanir eftir samningsaðilum.

Mynd 3.1 **Þróun launavísitölu, mars 2019 – febrúar 2022**




Heimild: Hagstofa Íslands

3.1.2 Vísitala grunntímakaups

Breytingar grunnlauna án launaauka¹ endurspeglar best kjarasamningsbundnar launahækkanir. Grunnlaun eru greidd dagvinnulaun fyrir umsamin vinnutíma án launaauka. Vísitala grunntímakaups byggir á grunnlaunum á hverja greidda stund, án launaauka, en launavísitala á reglulegum launum á greidda stund að meðtöldum launaaukum sem gerðir eru upp mánaðarlega.

¹ Hugtakið *Launaauki* er ný skilgreining Kjaratölfræðinefndar á ýmsum álagsgreiðslum og bönusum sem gerðir eru upp á hverju útborgunartímabili, oftast mánaðarlega. Vaktaálág og afkastahvetjandi bönusar eru hluti þeirra fjölmörgu launaliða sem valda því að munur er á grunnlaunum og reglulegum launum. Umfangsmest í launaauka eru vaktaálágsgreiðslur. Í fyrri skýrslum, og í skilgreiningum Hagstofu, er munur grunn- og reglulegra launa skilgreindur sem álags- og bönusgreiðslur.


Mynd 3.2 **Vísitala grunntímakaups mars 2019 – janúar 2022**

Heimild: Hagstofa Íslands

Vísitala grunntímakaups hefur þróast með áþekkum hætti og launavísitalan sem byggir á reglulegu tímakaupi. Sveiflur vísitölu grunntímakaups eru þó minni þar sem meiri sveiflur eru í launaaukum, s.s. vaktálagi, en í grunnlaunum.

3.1.3 Vægi markaða og heildarsamtaka

Eftirfarandi umfjöllun byggir á vægi summu grunnlauna eftir mörkuðum og heildarsamtökum árið 2021. Vægi félagsmanna aðildarfélaganna Alþýðusambands Íslands er langmest í vísitölu grunntímakaups, eða tæpur helmingur, en félagsmenn aðildarfélaganna BSRB, BHM og KÍ vega samtals rúman fjórðung. Þá vega félagsmenn stéttarfélaganna utan heildarsamtaka fimmtung og feinstaklingar utan stéttarfélaganna 7%.

Mynd 3.3 **Vægi heildarsamtaka í vísitölu grunntímakaups eftir mörkuðum**

Heimild: Hagstofa Íslands


Á almennum vinnumarkaði er vægi félagsmanna aðildarféлага ASÍ 65% og vægi félagsmanna stéttarféлага utan heildarsamtaka 21%. Samsetningin er allt önnur meðal starfsfólks hjá ríki og sveitarfélögum. Vægi félagsmanna aðildarféлага BHM er um þriðjungur í vísitölunni fyrir ríkið og í vísitölunni fyrir sveitarfélög utan Reykjavíkur er vægi félagsmanna aðildarféлага KÍ 40%. Í vísitölunni fyrir Reykjavíkurborg vegur BSRB mest, 38%. Vega má markaði eftir heildarlaunasummu ára. Árið 2021 vó almennur markaður mest af launasummunni eða 71%, ríkið 15%, Reykjavík 5% og önnur sveitarfélög 9%. Í þessu samhengi má nefna að yfir 200 þúsund manns eru starfandi á íslenskum vinnumarkaði. Frekari upplýsingar um heildarsamtök er að finna í myndagalleríum í kafla 4, m.a. um samsetningu og fjölda innan heildarsamtaka.

3.1.4 Kaupmáttur launa

Vísitala neysluverðs hækkaði um 11,3% frá mars 2019 til janúar 2022 og jókst kaupmáttur grunntímakaups eftir mörkuðum um 10,0-18,5% á tímabilinu. Geta má þess að kaupmáttur mánaðarlauna jókst minna þar sem hluti hækkunar grunntímakaups stafar af styttingu vinnuviku en áhrifin eru frá 1,3% til 4,1% eftir mörkuðum eins og sést á mynd 3.5.

Frá mars 2019 til janúar 2022 voru áhrif styttingar vinnuviku á grunntímakaup metin 1,3 prósentustig á almennum vinnumarkaði, 3,1 hjá ríkinu, 3,3 hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur og 4,1 prósentustig hjá Reykjavíkurborg.


Mynd 3.4 **Hækkun grunntímakaups, reglulegs tímakaups og vísitölu neysluverðs (VNV), mars 2019 – janúar 2022**



3.2 Hækkun grunntímakaups og áhrif vinnutímabreytinga

Hér er fjallað um hækkunir grunntímakaups í samningalotunni frá mars 2019 til janúar 2022. Tímaraðir með breytingum á grunntímakaupi (án launaauka) og reglulegu tímakaupi (með launaaukum) á tímabilinu 2006 til 2022 eru í viðauka og má sækja á vef Kjaratölfræðinefndar.

Mynd 3.5 **Hækkun grunntímakaups og áhrif vinnutímabreytinga frá mars 2019 til janúar 2022 eftir mörkuðum**




Heimild: Hagstofa Íslands


Við samanburð á launaþróun eftir mörkuðum kemur í ljós að grunntímakaup hækkaði mest hjá Reykjavíkurborg á tímabilinu, um 29,7%, og minnst á almenna markaðnum, um 21,0%. Áhrif styttingar vinnutíma á hækkun grunntímakaups var einnig mest hjá Reykjavíkurborg, 4,1 prósentustig, og minnst á almenna markaðnum, 1,3 prósentustig. Hækkun grunntímakaups á öllum vinnumarkaðnum var 22,6% og þar af voru áhrif styttingar vinnuviku 1,8 prósentustig. Áhrif vinnutímastyttingar á grunntímakaup var mun meiri hjá hinu opinbera en á almennum markaði. Hátt í helmingur félagsmanna BSRB og ASÍ hjá ríkinu eru í vaktavinnu en áhrif vinnutímastyttingar eru meiri hjá vaktavinnufólki á vísitölu grunntímakaups en hjá starfsfólki í dagvinnu. Stytting vinnutíma vaktavinnufólks hjá hinu opinbera skýrir því hluta þess munar sem er á milli opinbera og almenna markaðarins á áhrifum styttingar vinnutíma.

Mynd 3.6 Breyting grunntímakaups og áhrif vinnutímabreytinga frá mars 2019 til janúar 2022 eftir mörkuðum og heildarsamtökum


Almennur markaður




Ríki



Reykjavíkurborg



Sveitarfélög utan Rvk.



Heimild: Hagstofa Íslands

Á almenna markaðnum hækkaði grunntímakaup að meðaltali um 20,5-30,0% á tímabilinu, mest hjá félagsmönnum Starfsgreinasambandsins og BSRB en minnst hjá félagsmönnum BHM og innan iðnfélaga í ASÍ.

Grunntímakaup félagsmanna ASÍ hækkaði mun meira að meðaltali hjá ríkinu (32,7%) en á almenna markaðnum (24,0%). Félagsmenn aðildarfélaga ASÍ á almennum vinnumarkaði eru stærsti hópur launafólks á vinnumarkaðnum, en félagsmenn stéttarfélaga innan ASÍ hjá ríki eru fámennari og einsleitari hópur sem yfirleitt sinnir störfum verkafólks. Hjá Reykjavíkurborg hækkaði grunntímakaup

félagsmanna ASÍ mest, 41,4%, og er það mesta hækkun einstaks hóps á tímabilinu sem hér er fjallað um. Hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur hækkaði grunntímakaup á tímabilinu mest hjá félagsmönnum ASÍ (38,2%) og BSRB (36,7%). Grunntímakaup félagsmanna KÍ hækkaði minnst hjá Reykjavíkurborg, 17,6%, og öðrum sveitarfélögum, 18,9%, en umsamdar launahækkarnir KÍ við sveitarfélögin á árinu 2022 höfðu þá ekki komið til framkvæmda.

Áhrif vinnutímastyttingar á hækkun grunntímakaups á tímabilinu var mest hjá félagsmönnum ASÍ hjá ríkinu og næst mest hjá félagsmönnum BSRB hjá ríkinu. Í báðum tilvikum voru áhrif vinnutímabreytinga tæplega fjórðungur af breytingu grunnlauna. Minnst áhrif vinnutímastyttingar voru hjá félagsmönnum KÍ hjá ríkinu þar sem ekki hafði verið samið um styttingu vinnutíma framhaldsskólakennara. Næst minnst voru áhrif styttingar hjá félagsmönnum Starfsgreinasambandsins á almenna markaðnum, en ekki var samið um almenna styttingu vinnutíma í kjarasamningum SGS og SA heldur opnað á útfærslur innan vinnustaða sem tengdar voru niðurfellingu fastákveðinna kaffitíma. Í framkvæmd fór fram takmörkuð stytting vinnutíma verkafólks innan SGS á almennum vinnumarkaði á samningstímabilinu.

Samanburður á launabreytingum í mynd 3.6 og launastigi í mynd 3.9 sýnir að lægri laun hækkuðu hlutfallslega meira en þau hærri. Þannig hækkaði grunntímakaup að meðaltali mest meðal félagsmanna aðildarfélaga ASÍ og BSRB hjá Reykjavíkurborg og sveitarfélögum utan Reykjavíkur, en í þeim hópum er verkafólk fjölmennast.


Samanburður milli félagsmanna heildarsamtaka sýnir að launahækkun var hlutfallslega minnst á almenna markaðnum innan þeirra allra og mest hjá Reykjavíkurborg, þar sem samið var um sérstaka viðbótarhækkun lægstu launa í formi sérgreiðslu, og hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur.

KÍ og sveitarfélögin gerðu kjarasamninga fyrir leik-, grunn- og tónlistarskólakennara eftir lok tímabilsins sem hér er skoðað. Í þeim eru ákvæði um afturvirkar launahækkarnir með gildistöku í janúar 2022, en þær koma ekki fram í tölum Hagstofunnar sem niðurstöður þessarar skýrslu byggja á. Að auki eru kjarasamningar stjórnenda í leik- og grunnskólum lausir við ritun skýrslunnar.

3.3 Laun eftir mörkuðum og heildarsamtökum

Hér er fjallað um regluleg laun og heildarlaun fullvinnandi launafólks árið 2021.


Mynd 3.7 *Dreifing reglulegra launa og heildarlauna fullvinnandi á mánuði árið 2021 eftir mörkuðum*



Heimild: Hagstofa Íslands

Dreifing launa er meiri hjá ríkinu en á almenna markaðnum. Laun eru almennt hæst hjá ríkinu sem skýrist m.a. af tiltölulega háum launum ríkisstarfsmanna utan stéttarfélaganna og utan heildarsamtaka. Nánar er fjallað um þá hópa síðar í kaflanum. Meðaltal reglulegra launa var hæst hjá ríkinu og næsthæst á almenna markaðnum. Þau voru lægst hjá sveitarfélögum og munar þar litlu á Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum.

Mynd 3.8 Samsetning reglulegra launa fullvinnandi á mánuði árið 2021, eftir mörkuðum




Heimild: Hagstofa Íslands

Regluleg laun félagsmanna ASÍ, BSRB og BHM eru að meðaltali hærri á almenna markaðnum en hjá ríki og sveitarfélögum.

Samanburður á meðallaunum eftir heildarsamtökum sýnir að regluleg laun félagsmanna BHM eru hæst á öllum mörkuðum og þar af hæst á almenna markaðnum, 936 þús.kr. á mánuði. Litlu munar á reglulegum launum og grunnlaunum sem bendir til þess að fastlaunasamningar, þar sem yfirvinna er ekki greidd sérstaklega, séu algengir. Lægstu reglulegu launin voru hjá félagsmönnum ASÍ hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur, um 473 þús.kr. að meðaltali á mánuði.

Mynd 3.9 **Meðallaun fullvinnandi launafólks eftir mörkuðum og heildarsamtökum**


Almennur markaður




Opinber markaður




Ríki



Reykjavíkurborg



Sveitarfélög utan Rvk.



Heimild: Hagstofa Íslands

Launaaukar vega mismikið í reglulegum launum og skýrist munurinn einkum af ólíku umfangi vaktaálagsgreiðslna, sem teljast til launaauka. Sem dæmi þá nema launaaukar að meðaltali 23% af reglulegum launum félagsmanna BSRB á almenna markaðnum þar sem vakta-vinna er algeng en launaaukar eru fátíðir hjá félagsmönnum KÍ.

Á mynd 3.9 eru meðallaun félagsmanna stéttarféлага utan heildarsamtaka og starfsfólks utan stéttarféлага á almennum og opinberum vinnumarkaði.

Af félagsmönnum stéttarféлага utan heildarsamtaka á almennum vinnumarkaði vega Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, Stéttarfélag verkfræðinga, Lyfjafræðingafélag Íslands, Félag íslenskra atvinnuflugmanna og Flugvirkjafélag Íslands mest í launagögnum Hagstofunnar, yfir 80%. Langstærstur hluti þessa hóps er í störfum sérfræðinga, tækna og stjórnenda.

Fjölmennustu stéttarfélögin hjá hinu opinbera, sem standa utan heildarsamtaka og vega þungt í launagögnum Hagstofunnar, eru Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Læknafélag Íslands og Verkfræðingafélag Íslands.

Meðal hópa opinberra starfsmanna, sem standa utan stéttarféлага, eru embættismenn sem ekki hafa samningsrétt, svo sem dómarar, prestar, kjörnir fulltrúar og æðstu stjórnendur ríkis og sveitarféлага sem og stundakennarar í háskólum. Á almennum vinnumarkaði eru það einkum stjórnendur og sérfræðingar sem standa utan stéttarféлага.


Regluleg meðallaun starfsfólks utan stéttarféлага og í stéttarfélögum utan heildarsamtaka eru mun hærri en meðallaun félagsmanna innan heildarsamtaka. Athygli vekur mikið vægi launaauka hjá þessum hópum á opinbera markaðnum en meðal þeirra eru stórar stéttir heilbrigðisstarfsmanna, s.s. læknar og hjúkrunarfræðingar. Flest fullvinnandi starfsfólk utan stéttarféлага og utan heildarsamtaka er stjórnendur og sérfræðingar.

3.4 Samsetning launa

Samsetning launa, þar sem litið er til yfirvinnu og óreglulegra greiðslna, er mjög ólík eftir heildarsamtökum og mörkuðum. Hér er miðað við heildarárslaun fullvinnandi launafólks árið 2021.

Í samanburði milli markaða voru heildarlaun fullvinnandi árið 2021 að meðaltali hæst hjá ríkinu, 903 þús.kr. á mánuði. Lægst voru þau hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur, 681 þús. kr. á mánuði. Launaaukar vega mest hjá Reykjavíkurborg, 8,7%, og þar á eftir á almenna markaðnum 7,5%. Yfirvinnugreiðslur vega hlutfallslega mest í heildarlaunum hjá ríkinu, 12,6%, og minnst hjá sveitarfélögum, 4,4%. Hlutdeild launaauka sem ekki eru gerðir upp mánaðarlega í heildarlaunum var hæst 7,5% á almennum markaði.

Mynd 3.10 **Samsetning heildarlauna fullvinnandi á mánuði árið 2021, eftir mörkuðum**




Heimild: Hagstofa Íslands


Árið 2021 voru heildarlaun fullvinnandi að meðaltali hæst hjá félagsmönnum BHM á almenna markaðnum, um ein m.kr. á mánuði. Launaaukar og yfirvinnugreiðslur voru óverulegir sem kann að skýrast af fastlaunasamningum þar sem ekki er greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu. Að meðaltali voru heildarlaun lægst hjá félagsmönnum ASÍ sem störfuðu hjá sveitarfélögum og Reykjavík, eða um 540 þús. kr. á mánuði. Þar vógu yfirvinnugreiðslur og launaaukar rúman fimmtung í heildarlaunum.

Mynd 3.11 Samsetning heildarlauna fullvinnandi á mánuði árið 2021, eftir mörkuðum og heildarsamtökum


Almennur markaður




Opinber markaður




Ríki



Reykjavíkurborg



Sveitarfélög utan Rvk.



Heimild: Hagstofa Íslands

Yfirvinnugreiðslur vega hlutfallslega mest í heildarlaunum félagsmanna KÍ hjá ríkinu, sem eru flestir framhaldsskólakennarar, 19,3%. Yfirvinnugreiðslur vega minnst hjá félagsmönnum BHM hjá Reykjavíkurborg, 1%. Launaaukar sem ekki eru gerðir upp mánaðarlega vógu mest í heildarlaunum hjá félagsmönnum iðnfélaga í ASÍ, 10,2%.

Heildarlaun félagsmanna stéttarféлага utan heildarsamtaka og starfsfólks sem stendur utan stéttarféлага eru að jafnaði hærri en hjá félagsmönnum heildarsamtaka. Heildarlaun félagsmanna stéttarféлага utan heildarsamtaka á almennum markaði eru að meðaltali 7,6% hærri en heildarlaun félagsmanna BHM á almennum markaði, sem er launahæsti hópurinn innan heildarsamtaka.

4. Laun eftir heildarsamtökum

Mynd 4.1.1 *Fjöldi á kjörskrár kjarasamninga 2019-2022 - ASÍ*


■ Almennur markaður ■ Ríki ■ Reykjavíkurborg ■ Sveitarfélög utan Rvk.

100.000


Mynd 4.1.2 *Dreifing reglulegra launa og heildarlauna fullvinnandi í ASÍ á mánuði árið 2021, eftir mörkuðum*

● 10% ● 25% ● 50% ● 75% ● 90% ● Meðaltal


Almennur markaður - ASÍ - Heild



Almennur markaður - ASÍ - Iðnfélög




Almennur markaður - ASÍ - LÍV




Almennur markaður - ASÍ - SGS




Ríki - ASÍ - Heild



Reykjavíkurborg - ASÍ - Heild




Sveitarfélög utan Rvk. - ASÍ - Heild



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 4.1.3 Samsetning heildarlauna fullvinnandi í ASÍ á mánuði árið 2021, eftir mörkuðum

Almennur markaður



Ríki



Reykjavíkurborg




Sveitarfélög utan Rvk.



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 4.1.4 Breyting grunntímakaups hjá launafólki í ASÍ frá mars 2019 til janúar 2022, og áhrif vinnutímabreytinga eftir mörkuðum


Almennur markaður




Ríki



Reykjavíkurborg



Sveitarfélög án Rvk






Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 4.2.1 **Fjöldi á kjörskrár kjarasamninga 2019-2022 - BHM**


Almennur markaður Ríki Reykjavíkurborg Sveitarfélög án Rvk

Mynd 4.2.2 **Dreifing reglulegra launa og heildarlauna á mánuði fyrir fullvinnandi í BHM árið 2021, eftir mörkuðum**


10% 25% 50% 75% 90% Meðaltal

Almennur markaður**Ríki****Reykjavíkurborg****Sveitarfélög utan Rvk.**

Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 4.2.3 **Samsetning heildarlauna fullvinnandi í BHM á mánuði árið 2021, eftir mörkuðum**

Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 4.2.4 **Breyting grunntímakaups hjá launafólki í BHM frá mars 2019 til janúar 2022, og áhrif vinnutímabreytinga eftir mörkuðum**





Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 4.3.1 **Fjöldi á kjörskrár kjarasamninga 2019-2022 - BSRB**


Almennur markaður Ríki Reykjavíkurborg Sveitarfélög án Rvk

Mynd 4.3.2 **Dreifing reglulegra launa og heildarlauna á mánuði fyrir fullvinnandi í BSRB árið 2021, eftir mörkuðum**


10% 25% 50% 75% 90% Meðaltal

Almennur markaður**Ríki****Reykjavíkurborg****Sveitarfélög utan Rvk.**

Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 4.3.3 **Samsetning heildarlauna fullvinnandi í BSRB á mánuði árið 2021, eftir mörkuðum**

Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 4.3.4 **Breyting grunntímakaups hjá launafólki í BSRB frá mars 2019 til janúar 2022, og áhrif vinnutímabreytinga eftir mörkuðum**


Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 4.4.1 **Fjöldi á kjörskrár kjarasamninga 2019-2022 - KÍ**


■ Ríki ■ Reykjavíkurborg ■ Sveitarfélög án Rvk

Mynd 4.4.2 **Dreifing reglulegra launa og heildarlauna á mánuði fyrir fullvinnandi í KÍ árið 2021, eftir mörkuðum**


● 10% ● 25% ● 50% ● 75% ● 90% ● Meðaltal



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 4.4.3 **Samsetning heildarlauna fullvinnandi í KÍ á mánuði árið 2021, eftir mörkuðum**

Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 4.4.4 **Breyting grunntímakaups hjá launafólki í KÍ frá mars 2019 til janúar 2022, og áhrif vinnutímabreytinga eftir mörkuðum**


Heimild: Hagstofa Íslands

5. Laun karla og kvenna

5.1 Þróun grunntímakaups og áhrif vinnutímabreytinga hjá körlum og konum frá mars 2019 til janúar 2022


Myndir 5.1.1 til 5.1.4 sýna hækkun grunntímakaups karla og kvenna og er henni skipt í hækkun vegna vinnutímastyttingar og hækkun grunnlauna. Á almenna markaðnum var hækkunin meiri hjá konum en körlum í öllum tilvikum, mestur var munurinn hjá iðnaðarmönnum innan ASÍ og BHM. Hjá ríkinu hækkuðu laun kvenna meira en karla í öllum hópum og sama má segja um sveitarfélög utan Reykjavíkur. Hjá tveimur hópum hjá Reykjavíkurborg hækkuðu laun karla meira en kvenna, BSRB og KÍ, en sá munur er mjög lítill.

Mynd 5.1.1 *Breyting grunntímakaups karla og kvenna og áhrif vinnutímabreytinga á almennum markaði eftir heildarsamtökum*




Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 5.1.2 **Breyting grunntímakaups karla og kvenna og áhrif vinnutímabreytinga hjá ríki eftir heildarsamtökum**




Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 5.1.3 **Breyting grunntímakaups karla og kvenna og áhrif vinnutímabreytinga hjá Reykjavíkurborg eftir heildarsamtökum**



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 5.1.4 **Breyting grunntímakaups karla og kvenna og áhrif vinnutímabreytinga hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur eftir heildarsamtökum**



Heimild: Hagstofa Íslands

Mestur munur á launahækkun karla og kvenna var hjá félagsmönnum ASÍ hjá ríkinu, en þar hækkaði grunntímakaup kvenna um 12,8 prósentustig umfram karla. Í ASÍ hópnum hjá ríkinu eru hlutfallslega fleiri karlar með iðnmenntun en konur og konur hlutfallslega fleiri í störfum verkafólks sem skýrir hluta munar. Má einnig nefna að tveir þriðju hlutar kvenna innan ASÍ hjá ríki eru í vaktavinnu en aðeins þriðjungur karlanna. Styttning vinnutíma í vaktavinnu hækkar grunntímakaup vaktavinnustarfsfólks hlutfallslega meira en dagvinnufólks. Á almenna markaðnum hækkaði grunntímakaup kvenna í iðnfélögum hjá ASÍ og hjá konum í BHM um annars vegar 5,3 og hins vegar 3,8 prósentustig umfram grunntímakaup karla.

Meðal karla og kvenna hækkaði grunntímakaupið mest hjá starfsfólki í aðildarfélögum ASÍ hjá Reykjavíkurborg, 41,9%, og 41,4%. Grunntímakaup kvenna hækkaði minna en karla í tveimur hópum af þeim 18 sem hér er fjallað um; hjá félagsmönnum ASÍ og BSRB hjá Reykjavíkurborg. Í báðum tilvikum er launastig karla hærra en kvenna þannig að mismunandi hlutfallsleg hækkun skýrist ekki af krónutöluhækkunum launa.


Vinnutímastytting hafði mun minni áhrif á almenna markaðnum en á þeim opinbera. Vinnutímastyttingin hafði mest áhrif til hækkunar á grunntímakaupi hjá konum innan ASÍ hjá ríkinu en að jafnaði voru mest áhrif vinnutímastyttingar hjá félagsmönnum BSRB, bæði körlum og konum.

5.2 Regluleg laun karla og kvenna 2021

Umfjöllunin hér byggir á reglulegum launum fullvinnandi launafólks. Fullvinnandi teljast þeir sem unnu 90% eða meira af mánaðarlegri vinnuskyldu fólks í fullu starfi miðað við ákvæði viðkomandi kjarasamnings. Hafa ber í huga að í mörgum tilvikum vinna karlar og konur innan sömu heildarsamtaka ekki sömu eða sambærileg störf á einstökum mörkuðum. Í því sambandi geta þættir eins og vægi vaktavinnu skipt miklu máli varðandi launasamanburð.


Regluleg laun fullvinnandi kvenna árið 2021 voru að jafnaði um 678 þús. kr. á mánuði, sem er rúmlega 91% af reglulegum launum karla, sem voru 741 þús. kr. (sjá dreifingu á mynd 5.2). Launadreifing er einnig mun meiri meðal karla en kvenna á íslenskum vinnumarkaði.

Mynd 5.2 *Dreifing reglulegra launa karla og kvenna eftir mörkuðum árið 2021*




Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 5.2.1 Dreifing reglulegra launa fullvinnandi karla og kvenna á mánuði árið 2021 eftir heildarsamtökum á almennum markaði




Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 5.2.2 Dreifing reglulegra launa fullvinnandi karla og kvenna á mánuði árið 2021 eftir heildarsamtökum hjá ríki



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 5.2.3 **Dreifing reglulegra launa fullvinnandi karla og kvenna á mánuði árið 2021 eftir heildarsamtökum hjá Reykjavíkurborg**



Heimild: Hagstofa Íslands


Mynd 5.2.4 **Dreifing reglulegra launa fullvinnandi karla og kvenna á mánuði árið 2021 eftir heildarsamtökum hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur**



Heimild: Hagstofa Íslands


Þegar laun eru borin saman innan markaða dregur úr launamun karla og kvenna en mestur munur á reglulegum launum fullvinnandi karla og kvenna er hjá ríkinu þar sem konur höfðu að meðaltali 93% af reglulegum launum karla á árinu 2021. Hjá Reykjavíkurborg voru regluleg laun fullvinnandi kvenna 1% hærri en hjá körlum að meðaltali (sjá mynd 5.3).

Mynd 5.3 **Samsetning reglulegra launa karla og kvenna á mánuði árið 2021 eftir mörkuðum**




Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 5.4.1 **Samsetning reglulegra launa karla og kvenna á mánuði árið 2021 eftir heildarsamtökum á almennum markaði**




Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 5.4.2 Samsetning reglulegra launa karla og kvenna á mánuði árið 2021 eftir heildarsamtökum hjá ríki




Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 5.4.3 Samsetning reglulegra launa karla og kvenna á mánuði árið 2021 eftir heildarsamtökum hjá Reykjavíkurborg



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 5.4.4 Samsetning reglulegra launa karla og kvenna á mánuði árið 2021 eftir heildarsamtökum hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur



Heimild: Hagstofa Íslands

Á almenna markaðnum er meðaltal reglulegra launa fullvinnandi karla hærra í öllum hópum nema meðal félagsmanna iðnfélaga innan ASÍ, þar sem meðaltal reglulegra launa kvenna er 1% hærra. Mestur munur á reglulegum launum karla og kvenna á almenna markaðnum er hjá félagsmönnum BSRB þar sem regluleg laun kvenna eru að meðaltali 86% af launum karla.

Hjá ríkinu er meðaltal reglulegra launa karla í öllum tilvikum hærra en kvenna, nema innan KÍ þar sem konur hafa að meðaltali 3% hærri regluleg laun en karlar. Mestur munur á meðaltali reglulegra launa milli kynja hjá ríkinu er hjá félagsmönnum ASÍ þar sem meðaltal reglulegra launa kvenna er 84% af launum karla.

Hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur er meðaltal reglulegra launa karla hærra en kvenna í öllum hópnum og er mesti munurinn meðal félagsmanna BSRB þar sem meðaltal reglulegra launa kvenna er 84% af launum karla. Hjá Reykjavíkurborg er meðaltal reglulegra launa kvenna jafnan ívið lægra en karla nema innan KÍ þar sem meðaltal reglulegra launa kvenna er 4% hærra en karla.

5.3 Heildarlaun karla og kvenna 2021


Heildarlaun kvenna á árinu 2021 voru að meðaltali um 759 þús. kr. á mánuði, eða um 86% af heildarlaunum karla, sem voru að meðaltali 881 þús. kr. á mánuði (sjá mynd 5.4). Þetta er nokkuð meiri munur en á reglulegum launum karla og kvenna en að meðaltali er meira um yfirvinnugreiðslur hjá körlum en konum.

Mynd 5.5 *Dreifing heildarlauna karla og kvenna*




Samsetning heildarlauna er ólík eftir kynjum, hópum og vinnumörkuðum. Hér er miðað við heildarlaun ársins og meðaltal mánaðar reiknað út frá þeirri stærð svo allar launagreiðslur séu meðtaldar. Á öllum mörkuðum eru heildarlaun karla að jafnaði hærri en kvenna. Munurinn er minnstur hjá Reykjavíkurborg þar sem meðaltal heildarlauna kvenna er 95% af meðaltali karla, en á öðrum mörkuðum er meðaltal heildarlauna kvenna 86-89% af meðaltali karla.

Mynd 5.5.1 Dreifing heildarlauna fullvinnandi karla og kvenna á mánuði árið 2021 eftir heildarsamtökum á almennum markaði




Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 5.5.2 *Dreifing heildarlauna fullvinnandi karla og kvenna á mánuði árið 2021 eftir heildarsamtökum hjá ríki*



Mynd 5.5.3 *Dreifing heildarlauna fullvinnandi karla og kvenna á mánuði árið 2021 eftir heildarsamtökum hjá Reykjavíkurborg*



Mynd 5.5.4 **Dreifing heildarlauna fullvinnandi karla og kvenna á mánuði árið 2021 eftir heildarsamtökum hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur**



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 5.6 **Samsetning heildarlauna karla og kvenna eftir mörkuðum**

Alls	Heildarlaun	Grunnlaun	Launaaukar	Yfirvinnugreiðslur	Óreglulegir launaaukar
Karlar	881	677	64	75	65
Konur	759	639	39	41	40
Almennur markaður	Heildarlaun	Grunnlaun	Launaaukar	Yfirvinnugreiðslur	Óreglulegir launaaukar
Karlar	833	628	66	72	67
Konur	738	630	44	20	44
Ríki	Heildarlaun	Grunnlaun	Launaaukar	Yfirvinnugreiðslur	Óreglulegir launaaukar
Karlar	987	701	61	147	78
Konur	844	664	43	91	46
Reykjavíkurborg	Heildarlaun	Grunnlaun	Launaaukar	Yfirvinnugreiðslur	Óreglulegir launaaukar
Karlar	716	540	84	50	42
Konur	680	575	53	24	28
Sveitarfélög utan Rvk.	Heildarlaun	Grunnlaun	Launaaukar	Yfirvinnugreiðslur	Óreglulegir launaaukar
Karlar	743	568	74	57	44
Konur	658	585	25	21	27


Heimild: Hagstofa Íslands

Að meðaltali eru heildarlaun hæst meðal karla hjá ríkinu og lægst meðal kvenna hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur. Yfirvinnugreiðslur eru hlutfallslega mestar meðal karla hjá ríkinu, 16% af heildarlaunum og lægstar meðal kvenna á almennum vinnumarkaði, 3%. Óreglulegir launaaukar vógu mest í heildarlaunum hjá körlum á almennum vinnumarkaði og ríkinu, 9%.

Í samanburði félagsmanna samtaka á einstökum mörkuðum kemur í ljós að hæst meðalheildarlaun fá karlar í BHM á almennum markaði, 1.021 þús.kr. á mánuði, en lægst eru meðalheildarlaun kvenna innan ASÍ hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur, 495 þús.kr. Meðalheildarlaun tekjulægsta hópsins eru þannig 48% af heildarlaunum þess tekjuhæsta innan heildarsamtaka. Samanburðurinn nær ekki til tekjuhæstu hópanna á vinnumarkaði sem eru utan heildarsamtaka og utan stéttarfélaga.


Í samanburði félagsmanna samtaka á einstökum mörkuðum (sjá mynd 5.7.1 – 5.7.4) kemur í ljós að meðalheildarlaun karla eru hærri en kvenna í öllum þeim hópum sem hér eru til skoðunar. Mestur munur á meðalheildarlaunum kynja er hjá félagsmönnum ASÍ hjá ríkinu, félagsmönnum BSRB hjá ríkinu og félagsmönnum BSRB hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur, þar sem meðaltal heildarlauna kvenna er 76% af meðaltali heildarlauna karla. Minnstur munur meðalheildarlauna milli kynjanna er 3% meðal félagsmanna BHM á almenna markaðnum. Fyrr í kaflanum sáum við að mestur munur á reglulegum launum milli kynja var 14% hjá félagsmönnum ASÍ hjá ríkinu, en sé litið á heildarlaun er munurinn hjá sama hópi (og fleiri hópum) 24%. Heildarlaun, með launaaukum yfir árið, virðast þannig auka launamun milli kynja. Munur á launum karla og kvenna eykst þegar heildarlaun, með launaaukum yfir árið, eru skoðuð þar sem launaaukar vega meira í launum karla.

Mynd 5.7.1 **Samsetning heildarlauna fullvinnandi karla og kvenna eftir heildarsamtökum á almennum markaði, á árinu 2021**




Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 5.7.2 **Samsetning heildarlauna fullvinnandi karla og kvenna eftir heildarsamtökum hjá ríki, á árinu 2021**




Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 5.7.3 **Samsetning heildarlauna fullvinnandi karla og kvenna eftir heildarsamtökum hjá Reykjavíkurborg, á árinu 2021**



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 5.7.4 **Samsetning heildarlauna fullvinnandi karla og kvenna eftir heildarsamtökum hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur, á árinu 2021**



Heimild: Hagstofa Íslands

Viðauki 1

Gögn um laun og launabróun

Kjaratölfræðinefnd byggir umfjöllun sína á sérvinnslu launagagna þar sem tekið er mið af aðferðum og skilgreiningum Hagstofunnar við gerð opinberrar launatölfræði. Sem fyrr miðast þó launabreytingar við grunntímakaup, en launavísitala Hagstofunnar byggir á reglulegu tíma-kaupi. Nefndin birtir sundurliðun eftir samtökum og vinnumörkuðum sem er meira niðurbrot en í opinberri launatölfræði. Þessar áherslur eru í samræmi við það meginhlutverk nefndarinnar að styðja aðila vinnu-markaðarins við undirbúning kjarasamninga og mat á áhrifum þeirra.

Vinnumarkaðnum er skipt í fernt: Almennan markað, ríki, Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög. Niðurstöður eru sýndar fyrir fjögur heildarsamtök launafólks á hverjum þessara markaða; Alþýðusamband Íslands (ASÍ), Bandalag háskólamanna (BHM), BSRB og Kennarasamband Íslands (KÍ). Auk þess eru birtar niðurstöður fyrir þrjá stóra hópa innan ASÍ á almenna markaðnum, þ.e. félagsmenn innan Starfsgreinasambandsins (SGS), Landssambands íslenskra verzlunarmanna (LÍV) og félagsmenn stéttarféлага iðnaðarmanna innan ASÍ (ASÍ-iðnfélög). Hvað iðnaðarmenn innan ASÍ varðar eru samböndin og félögin Samiðn, Raf-iðnaðarsamband Íslands, VM og MATVÍS flokkuð í einn hóp.

Meginviðsemjendur stéttarféлага eru Samtök atvinnulífsins (SA), Samband íslenskra sveitarféлага (Sveitarfélög utan Rvk.), Reykjavíkurborg og fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkisins (Ríki). Aðildarfélög ASÍ, BSRB, BHM og KÍ gera kjarasamninga við alla fulltrúa launagreiðenda, en vægi þeirra er mjög mismunandi. Í skýrslunni eru ekki birtar upplýsingar um félagsmenn aðildarféлага KÍ á almennum vinnumarkaði, en þeir eru fáir og er ekki að finna í launagögnum Hagstofu Íslands. Þá nær gagnasafnið ekki heldur til sjómanna.

Gögn Hagstofu Íslands ná einnig til félagsmanna stéttarféлага utan heildarsamtaka og launafólks sem stendur utan stéttarféлага. Kjaratölfræðinefnd er skipuð stærstu samningsaðilum vinnumarkaðar sem endurspeglar umfjöllunina. Gögn fyrir alla hópa, einnig þá sem standa utan heildarsamtaka og utan stéttarféлага, eru birt á vef Kjaratölfræði-

nefndar (<https://www.ktn.is/>). Fjallað er um launastig þeirra sem standa utan heildarsamtaka og utan stéttarfélaga en ekki um launaþróun þessara hópa.

Samanburður á launabreytingum nær yfir tímabilið frá mars 2019 til janúar 2022. Fyrri tímapunkturinn er mánuðurinn áður en flestir kjarasamningar í samningalotunni tóku gildi. Sá síðari miðast við nýjustu fyrirbyggjandi gögn Hagstofunnar eftir þeirri sundurliðun sem hér er byggt á. Umfjöllun um launastig byggir á meðaltali ársins 2021. Í janúar 2022 var gerð kjarasamninga á yfirstandandi samningstímabili að mestu lokið og voru kjarasamningsbundnar hækkanir launa í janúar 2022 síðustu almennu hækkanir á samningstímabilinu og náðu þær yfir nær allan vinnumarkaðinn. Þó kom til launahækkana vegna hagvaxtarauka í apríl 2022 og verður ekki fjallað nánar um þær hér þar sem þær eru utan þess tímabils sem skýrslan fjallar um.

Samband íslenskra sveitarfélaga samdi við Starfsgreinasambandið, Verkalýðsfélag Akraness og Sjúkraliðafélagið um að kjarasamningar aðila giltu til september 2023 og tengdi launahækkun við áramót 2023 við fyrstu kauptaxtahækkanir almenna markaðarins á nýju samnings-tímabili þess. Kjarasamningar grunn-, leik- og tónlistarskólakennara við sveitarfélögin (þar með talið Reykjavíkurborg) voru gerðir eftir áramót 2022 og þeir hafa gildistíma til 1. mars 2023. Í þeim eru ákvæði um afturvirkar hækkanir frá janúar 2022. Þær hækkanir eru ekki með í þeim í tölum Hagstofunnar sem niðurstöður þessarar skýrslu byggja á. Enn er ósamið við stjórnendur í leik- og grunnskólum.

Hugtakið regluleg laun fullvinnandi er notað til að sýna meðaltal launastigs á árinu 2021 eftir heildarsamtökum og mörkuðum. Kjaratölfræðinefnd ákvað að byggja umfjöllun um heildarlaun á heilu ári til þess að draga úr áhrifum ýmiss konar sveiflna, s.s. árstíðabundinnar yfirvinnu og ýmissa aukagreiðslna.

Viðauki 2

Skilgreining helstu launa- og tekjuhugtaka

Fullvinnandi er sá sem fær greidd laun fyrir vinnustundir (þ.e. fyrir dagvinnu og vaktavinnu) sem eru a.m.k. 90% af mánaðarlegri dagvinnu-skyldu. Einstaklingur sem ekki nær 90% lágmarkinu telst vera í hluta-starfi. Dagvinnuskylda getur verið mismunandi eftir kjarasamningum.

Grunnlaun eru greidd dagvinnulaun fyrir umsamin vinnutíma án launaauka. Grunntímakaup eru dagvinnulaun á hverja greidda stund, án launaauka.

Í þeim tilfellum sem launafólk hefur gert fastlaunasamninga eru öll greidd laun færð sem grunnlaun í launakerfum, þar sem ekki er haldið utan um yfirvinnugreiðslur eða aðrar launagreiðslur í slíkum samningum. Fastlaunasamningar finnast í öllum starfsstéttum en eru algengastir hjá stjórnendum og sérfræðingum.

Hugtakið **Launaauki** er ný skilgreining Kjaratölfræðinefndar á ýmsum álagsgreiðslum og bónusum sem gerðir eru upp á hverju útborgunartímabili, oftast mánaðarlega. Vaktaálag og afkastahvetjandi bónusar eru hluti þeirra fjölmörgu launaliða sem valda því að munur er á grunnlaunum og reglulegum launum. Umfangsmest í launaauka eru vaktaálagsgreiðslur. Í fyrri skýrslum, og í skilgreiningum Hagstofu, er munur grunnlauna og reglulegra launa skilgreindur sem álags og bónusgreiðslur.

Regluleg laun eru greidd mánaðarlaun fyrir umsamin vinnutíma, hvort sem um er að ræða dagvinnu eða vaktavinnu. Þau eru umreiknuð í fullt starf ef greiddar stundir í dagvinnu eða vaktavinnu eru lægri en dagvinnuskylda. Meðtaldir í þessum launum eru hvers konar launaaukar, án tilfallandi yfirvinnu, sem gerð er upp á hverju útborgunartímabili.

Við útreikninga er hvorki tekið tillit til uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna né annarra óreglulegra greiðslna. Reglulegt tímakaup eru regluleg laun (hvort sem er dagvinna eða vaktavinna) á hverja greidda stund.

Við samanburð á reglulegum launum milli hópa þarf að hafa í huga að í störfum þar sem fastlaunasamningar eru algengir eða föst yfirvinna, þá

er ekki sérstaklega haldið utan um yfirvinnugreiðslur í launakerfum og eru þær greiðslur því hluti af reglulegum launum.

Regluleg heildarlaun eru regluleg laun að viðbættum tilfallandi yfirvinnulaunum. Ekki er tekið tillit til uppgjörs vegna uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna eða annarra óreglulegra greiðslna.

Óreglulegur launaauki er samsettur úr greiðslum sem ekki eru gerðar upp á hverju útborgunartímabili, s.s. uppgjör vegna uppmælinga, ákvæðisgreiðslur, hlunnindi, akstursgreiðslur eða aðrar óreglulegar greiðslur.

Heildarlaun eru regluleg heildarlaun að viðbættum óreglulegum launaauka sem ekki er gerður upp mánaðarlega, s.s. uppgjör vegna uppmælinga, ákvæðisgreiðslna, hlunnindi, akstursgreiðslur eða aðrar óreglulegar greiðslur.

Viðauki 3

Tafla V3.1: **Breytingar á reglulegu tímakaupi 2007-2021**

	ASÍ			BHM		BSRB			KÍ	
	Sveit	Ríki	Almenni	Sveit	Ríki	Sveit	Ríki	Almenni	Sveit	Ríki
2007	5,1%	5,8%	9,6%	8,4%	8,7%	4,9%	8,3%		4,0%	7,2%
2008	4,0%	17,8%	6,8%	6,3%	13,5%	5,4%	13,7%		19,4%	14,8%
2009	16,6%	2,3%	4,0%	6,9%	0,8%	12,1%	1,1%	7,3%	4,1%	0,4%
2010	2,7%	5,5%	5,3%	1,6%	2,2%	1,8%	4,8%	4,0%	1,1%	0,9%
2011	6,5%	5,3%	7,4%	7,0%	7,0%	5,8%	6,2%	6,3%	5,7%	7,5%
2012	5,4%	5,4%	5,8%	5,6%	6,0%	5,0%	4,8%	7,0%	4,6%	4,7%
2013	5,9%	10,8%	6,1%	5,1%	6,3%	5,4%	7,0%	5,5%	5,1%	4,3%
2014	9,8%	5,7%	5,6%	10,1%	6,3%	8,8%	5,0%	5,7%	12,5%	15,9%
2015	4,3%	7,2%	9,1%	1,9%	10,8%	4,7%	8,4%	9,9%	8,5%	18,2%
2016	14,4%	13,5%	10,9%	12,2%	12,5%	13,4%	12,9%	13,2%	8,7%	14,1%
2017	6,1%	7,5%	7,0%	7,0%	6,1%	6,6%	8,6%	11,0%	10,0%	3,8%
2018	5,9%	7,4%	6,5%	4,7%	6,3%	5,8%	8,3%	7,3%	4,8%	4,0%
2019	3,8%	3,7%	5,5%	4,4%	3,6%	3,5%	3,2%	3,8%	4,2%	3,1%
2020	13,3%	9,6%	6,8%	6,1%	5,9%	11,3%	8,0%	11,1%	3,7%	6,5%
2021	16,6%	14,7%	7,6%	13,1%	9,7%	14,9%	13,9%	9,1%	12,5%	5,6%

Tafla V3.2: **Breytingar á grunntímakaupi 2007-2021**

	ASÍ			BHM		BSRB			KÍ	
	Sveit	Ríki	Almenni	Sveit	Ríki	Sveit	Ríki	Almenni	Sveit	Ríki
2007	4,2%	5,5%	9,2%	6,9%	8,7%	4,6%	8,3%		3,9%	7,2%
2008	4,6%	17,0%	7,3%	5,6%	12,8%	5,2%	13,1%		19,5%	14,5%
2009	18,4%	4,0%	3,7%	7,7%	1,2%	13,9%	1,3%	7,5%	3,9%	0,6%
2010	2,2%	3,4%	4,9%	0,5%	2,1%	1,2%	2,9%	3,8%	1,0%	0,6%
2011	7,1%	5,9%	6,9%	8,7%	7,1%	7,3%	7,3%	7,4%	5,9%	7,5%
2012	4,8%	5,7%	6,0%	4,5%	6,2%	4,6%	5,8%	6,3%	4,6%	4,9%
2013	5,3%	7,2%	6,4%	4,9%	6,2%	5,4%	6,4%	5,6%	5,0%	4,4%
2014	8,9%	5,6%	5,6%	10,2%	6,4%	8,9%	5,2%	5,4%	12,7%	15,8%
2015	4,3%	7,4%	8,5%	1,4%	10,2%	4,6%	8,5%	9,9%	8,5%	18,2%
2016	14,1%	12,7%	10,8%	13,5%	12,7%	13,3%	13,2%	13,0%	8,7%	14,1%
2017	6,0%	6,8%	6,8%	7,5%	6,2%	6,3%	8,4%	9,8%	10,0%	3,9%
2018	5,4%	7,1%	6,3%	4,7%	6,0%	5,5%	7,9%	7,1%	4,6%	4,0%
2019	3,2%	2,9%	5,4%	4,4%	3,7%	3,2%	3,0%	3,9%	4,0%	3,0%
2020	11,8%	8,6%	6,6%	6,3%	5,8%	10,7%	7,7%	9,7%	3,3%	6,2%
2021	13,6%	13,7%	6,7%	12,6%	9,7%	13,2%	13,6%	8,5%	12,5%	6,0%

Tafla V3.3: *Vísitala breytinga reglulegs tímakaups 2006-2020 (2006=100)*

	ASÍ			BHM		BSRB			KÍ	
	Sveit	Ríki	Almenni	Sveit	Ríki	Sveit	Ríki	Almenni	Sveit	Ríki
2006	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0		100,0	100,0
2007	105,1	105,8	109,6	108,4	108,7	104,9	108,3		104,0	107,2
2008	109,3	124,7	117,0	115,3	123,4	110,5	123,1		124,2	123,0
2009	127,5	127,6	121,7	123,2	124,3	123,9	124,4		129,3	123,5
2010	130,9	134,6	128,2	125,1	127,1	126,2	130,3		130,8	124,7
2011	139,4	141,8	137,7	133,9	135,9	133,5	138,4		138,3	134,0
2012	146,8	149,4	145,6	141,5	144,1	140,1	145,1		144,6	140,2
2013	155,5	165,5	154,5	148,7	153,1	147,7	155,2		152,0	146,3
2014	170,8	175,1	163,2	163,7	162,7	160,7	162,9		171,0	169,6
2015	178,2	187,6	178,0	166,7	180,4	168,2	176,6		185,5	200,4
2016	203,9	212,9	197,4	187,1	202,9	190,7	199,4		201,6	228,6
2017	216,3	229,0	211,1	200,1	215,3	203,4	216,6		221,7	237,4
2018	229,1	246,1	224,8	209,5	228,7	215,1	234,5		232,3	246,8
2019	237,7	255,2	237,3	218,7	237,0	222,6	242,1		242,2	254,4
2020	269,4	279,6	253,4	232,0	251,1	247,8	261,5		251,0	270,9
2021	314,1	320,7	272,6	262,4	275,3	284,7	297,8		282,5	286,1

Tafla V3.4: *Vísitala breytinga grunntímakaups 2006-2020 (2006=100)*

	ASÍ			BHM		BSRB			KÍ	
	Sveit	Ríki	Almenni	Sveit	Ríki	Sveit	Ríki	Almenni	Sveit	Ríki
2006	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0		100,0	100,0
2007	104,2	105,5	109,2	106,9	108,7	104,6	108,3		103,9	107,2
2008	108,9	123,4	117,2	112,8	122,6	110,1	122,5		124,2	122,8
2009	129,0	128,4	121,5	121,5	124,1	125,3	124,0		129,1	123,5
2010	131,9	132,7	127,4	122,1	126,7	126,9	127,6		130,4	124,3
2011	141,2	140,5	136,2	132,7	135,7	136,1	136,9		138,1	133,6
2012	148,0	148,6	144,4	138,7	144,1	142,4	144,8		144,5	140,2
2013	155,8	159,3	153,7	145,4	153,0	150,1	154,1		151,7	146,3
2014	169,7	168,2	162,3	160,2	162,8	163,6	162,1		171,0	169,5
2015	176,9	180,7	176,2	162,4	179,4	171,1	175,8		185,5	200,3
2016	201,9	203,6	195,3	184,3	202,1	193,8	198,9		201,6	228,6
2017	214,1	217,5	208,6	198,0	214,6	206,0	215,7		221,7	237,5
2018	225,7	232,9	221,8	207,4	227,6	217,4	232,7		232,0	246,9
2019	233,0	239,8	233,7	216,6	235,9	224,4	239,7		241,4	254,4
2020	260,4	260,5	249,1	230,2	249,5	248,3	258,2		249,2	270,1
2021	295,7	296,1	265,7	259,2	273,7	281,2	293,4		280,4	286,2

Skýringar:

12 mánaða paraðar breytingar tímakaups nóvember 2006-2015. Frá 2016 meðaltal ársbreytinga tímakaups